



Verklagsreglur

varðandi eftirfylgni með hundasamþykkt

Verklagsreglur fyrir hundaeftirlitsmann Hvalfjarðarsveitar.

1. Handsamaður hundur skal færður í hundageymslu hundaftirlitsmanns.
2. Hundaftirlitsmaður skal byrja á að athuga hvort hundurinn sé ömerktur eða hafi önnur auðkenni.
3. Hundaftirlitsmaður skal fylla út skýrslu vegna handsömunar hundsins (sjá eyðublað).
4. Haft skal upp á eiganda/ forráðamanni hundsins og honum tilkynnt um handsömunina.
5. Ef gæludýr er óskráð ber að taka mynd af því að framan og á hlið.
6. Ef eigandi / forráðamaður finnst ekki eða hundurinn er óskráður skal handsömun dýrsins auglýst á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.
7. Ef hundur úr dreifbýli er handsamaður í þéttbýli skal handsömun hundsins auglýst á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.
8. Óski eigandi/ forráðamaður eftir að fá handsamaðan hund afhentan skal fylgja eftirfarandi skilyrðum.
 - a. Sé um skráðan hund að ræða skal hann afhentur eiganda/ forráðamanni gegn staðfestingu hans á móttöku hundsins á skýrslu vegna handsömunar dýrsins. Jafnframt verður honum gerður ljós kostnaður sem hann verður að greiða vegna handsömunar.
 - b. Sé þetta í þriðja sinn sem hundur er handsamaður skal hann ekki afhentur eiganda/ forráðamanni nema með samþykki sveitarstjóra.
 - c. Ef hundur er óskráður þá ber eiganda/ forráðamanni að ganga frá skráningu áður en afhending fer fram.
9. Hundaftirlitsmaður ber að senda afrit af hverri handsömunarskýrslu til sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar.
10. Handsömuðum hundi skal gefið reglulega og hundum skal hleypt út undir bert loft að lágmarki einu sinni á dag.
11. Sé handsamaðs hunds ekki vitjað skal fara eftir 4.grein samþykktar um hundahald í Hvalfjarðarsveit.

